

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið
Ólafur Friðriksson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 17. nóvember 2010

2010110003/42-9

TB

jgo/tb

Innflutningur á ánamaðki frá Nýja-Sjálundi

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 29. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. 5. gr. laga nr. 54/1990 um ósk Skottu ehf. um leyfi til að flytja inn landsins ánamaðk af tegundinni *Eisenia fetida* frá Nýja-Sjálundi. Umsókn barst 26. júlí sl. og jafnframt er vísað í tölvupóst frá MAST dags. 25. október sl.

Með vísan m.a. í framangreindan tölvupóst og 5. gr. laga nr. 54/1990 þar sem segir, *Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífrikið, þá fer Náttúrufræðistofnun fram á að gert verði áhættumat.*

Þar sem að reglugerð um áhættumat hefur ekki verði sett samkvæmt framangreindri 5. gr. þá eru meðfylgjandi leiðbeiningar um það sem Náttúrufræðistofnun telur m.a. nauðsynlegt að fram komi í áhættumati. Í framangreindum tölvupósti kemur einnig fram að allar líkur eru á því að tegundin muni dreifast um landið ef t.d. á að selja ánamaðkana sem beitu til veiðimanna. Í umsókn Skottu ehf. kemur tilgangur innflutningsins ekki fram. **Vakin er athygli á því að skv. 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þarf leyfi umhverfisráðherra til að dreifa framandi lífverum í náttúru Íslands en Náttúrufræðistofnun telur að ræktun framandi ánamaðka, sem geta lifað við aðstæður á Íslandi, til sölu á Íslandi t.d. til veiðimanna, jafngildi því að dreifa þeim í náttúru landsins.**

Við áhættumat telur Náttúrufræðistofnun að með hverri umsókn um leyfi til að flytja inn framandi lífverur til Íslands þarf að fylgja almennar upplýsingar um hver sé tilgangur innflutningsins og hvort fyrirhugað er að dreifa lífverunni út í íslenska náttúru eða ekki. Auk þess þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram **eftir því sem við á hverju sinni:**

1. Hvaða lífveru á að flytja landsins (nefna þarf undirtegund eða stofn ef ástæða er til). Tilgreina þarf latneskt heiti tegundarinnar. Gera þarf grein fyrir hvort um er að ræða



erlendan stofn lífveru sem fyrir er í landinu.

2. Vistfræði lífverunna/tegundarinnar í upprunalegum heimkynnum. Gera þarf m.a. grein fyrir
 - a) við hvaða skilyrði, náttúrufarsaðstæður, tegundin þrífst (lýsa búsvæði hennar, kjörlendi).
 - b) lífsferli og lífsskilyrðum tegundarinnar þ.m.t. kjörhitastigi og við hvaða lofthita gera má ráð fyrir að lífveran dreplist og hvaða lágmarkshita þarf til að hún nái að ljúka lífsferli og eiga afkvæmi.
 - c) fæðuvali,
 - d) samkeppni við aðrar tegundir,
 - e) öðru sem kann að skipta máli.
3. Reynslu annarra landa við að leyfa innflutning á lífverunni hafi það verið gert. Gera þarf m.a. grein fyrir hvort tegundin hefur valdið skaða í öðrum löndum (líka í upprunalegum heimkynnum ef ástæða er til).
4. Má ætla að tegundin geti dreifst óheft út fyrir það svæði sem tegundinni er ætlað að vera á. Gera þarf m.a. grein fyrir
 - a) hvort líklegt sé að tegundin geti lifað við náttúrufarsaðstæður á Íslandi,
 - b) hvort ástæða sé til að ætla að tegundin sé ágeng eða ekki við aðstæður á Íslandi.
 - c) hvort gera megi ráð fyrir að tegundin geti blandast innlendum tegundum,
 - d) hvort samkeppni við innlendar tegundir sé hugsanleg,
 - e) að ef tegundin getur lifað á Íslandi hvaða vistfræðilegar breytingar er líklegt að eigi sér stað á svæðum sem leyfi er fyrir tegundinni eða á svæðum sem hún getur dreifst til.
5. Má gera ráð fyrir að tegundin geti borið með sér sjúkdóma og þeir hugsanlega breiðst út og þá til hvaða tegunda og hverjar eru hugsanlegar afleiðingar þess (vistfræðilegar, þ.e. fyrir tegundina sjálfa og aðrar tegundir lífvera).

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisráðuneytið

